

# Breytingar í Lyfjaendurnýjun

## Forsíða sjúklings - Forsíða starfsmanns - Vera samskiptaborð í Sögu 3.1.41

Í Sögu 3.1.41 geta lækningar sem gera lyfjaendurnýjanir í Lyfjakorti í Forsíðu sjúklings, í Forsíðu starfsmanns og í Veru samskiptaborði valið um það hvort lyfseðill sé sendur í ákveðið apótek eða sendur á kennitölu í lyfseðlagátt. Læknir getur einnig séð í lyfjaendurnýjunarglugganum hvort að lyfið sé eftirritunarskylt eða ekki og tekið ákvörðun um það hvort hann vilji að lyfið sé í skömmtun eða ekki. Einnig birtist athugasemd til apóteks hafi læknir skráð athugasemd og hakað í reitinn fyrir neðan: „Senda athugasemd til apóteks“. Allt þetta gildir einnig þegar læknir velur að endurnýja fleiri en eitt lyf, sem er fjallað um nánar hér fyrir neðan.

Ef læknir vill endurnýja fleiri en eitt lyf á Lyfjakorti sjúklings þá getur hann gert það með því að halda niðri Ctrl-lykli á lyfjaborði og smellt á þau lyf sem þarf að endurnýja. Haldi læknir niðri Shift-lykli á lyfjaborði og velur efsta lyf í töflu og svo t.d. lyf sem er neðst í töflunni þá veljast öll lyfin sem eru þar á milli. Því næst þarf hann að hægri smella og getur hann þá valið eftirfarandi aðgerðir: „Ljúka lyfjatöku“, „Lyfjaendurnýjun“ og „Opna lyfjakort“.

**Fjölval - fimm lyf hafa verið valin**

Síðast ávísað	Fjöl...	Lyf	Styrkur	Magn	Form	Töku lýkur	Dagar eftir	Un...	Staða um...
18.01.2016	<input type="checkbox"/>	Amoxicillin my	500 mg	20	hylki			<input type="checkbox"/>	
15.06.2016	<input type="checkbox"/>	Atacor	20 mg	100	filmhftl	09.07.2016	Lokið	<input type="checkbox"/>	
26.11.2014	<input type="checkbox"/>	Augmentin (af	1 g	12	töflu			<input type="checkbox"/>	
06.11.2015	<input type="checkbox"/>	Carvedilol hexi	6,25 mg	100	töflu			<input checked="" type="checkbox"/>	Ósvarað
24.11.2014	<input type="checkbox"/>	Daktacort		15	kren			<input type="checkbox"/>	

Context menu options:

- Opna eyðublað
- Textasýn
- Ljúka lyfjatöku
- Lyfjaendurnýjun
- Opna lyfjakort

Skrái læknir í reitinn „Ábendingar/lyf er notað við“ þegar hann er að breyta notkunarleiðbeiningum þá birtist það strax í lyfjaendurnýjunarglugganum. Sjá mynd hér fyrir neðan.

Lyfjaendurnýjun (Jóna Jónsdóttir kt. 010170-5599)

---

Diane mite töflur, 63 stk pr. pakkn. [1/2]



**Þetta lyf er afskráð og ekki er hægt að endurnýja það, vinsamlegast fjarlægðu það úr listanum.**

Fjöldi pakkninga: 1 - Afgreitt magn 63 töflur í hverri afgreiðslu Afgreiðist: 4 á 20 daga fresti

Eftirritunarskylt:  Nei  Já Skömmtun:  Nei  Já

Notkun: 1 tafla á dag, skv leiðbeiningum

Vandaliðun:

Sent:  Á kennitölu  Í apótek  

---

Flunitrazepam mylan 1 mg töflur, 30 stk pr. pakkn. [2/2]



Fjöldi pakkninga: 1 - Afgreitt magn 30 töflur í hverri afgreiðslu Afgreiðist: 1 sinni

Eftirritunarskylt:  Já  Nei Skömmtun:  Nei  Já

Notkun: 1 tafla á dag

Abending:  eyrnasjúkdómi

Vandaliðun: Verkur í eyrum(H92.0)

Sent:  Á kennitölu  Í apótek  

---

Skrá lyfseðil í lotu:

Koma:

✓ Samskipti (Síðustu 30 daga): 20.10.2016 Almenn læknishjálp, Viðtal ▼

Ný samskipti:  ▼

Sendu Hætta við

**Athugið** að ef athugasemd hefur verið skráð áður á lyf þá hreinsast hún út við lyfjaendurnýjun því ekki er víst að athugasemd eigi alltaf við. Þetta á bæði við þegar læknir endurnýjar eitt lyf eða mörg í einu.



Ef lyf eru öryggisflöguð, afskráð eða þau tilheyra undanþágulyfjum þá birtast tilkynningar um það í lyfjaendurnýjunarglugganum sem birtist eftir að læknir hefur valið lyfjaendurnýjun á fleiri en einu lyfi.

Lyfjaendurnýjun (Jóna Jónsdóttir kt. 010170-5599)

Alfuzosin ranbaxy 10 mg forðatfl, 90 stk pr. pakkn. [1/3]

**Þetta lyf er afskráð og ekki hægt að endurnýja það, vinsamlegast fjarlægðu það úr listanum.**

Fjöldi pakkninga: 1 - Afgreitt magn 90 forðatfl í hverri afgreiðslu Afgreiðist: 1 sinni  
Eftirritunarskylt: Nei Skömmtun: Nei  
Notkun: asdf  
Vandaliðun:  
Sent:  Á kennitölu  Í apótek

Acetylsalicylsyre 5 mg töflur, 100 stk pr. pakkn. [2/3]

**Þetta lyf er undanþágulyf og ekki hægt að fjölvelja það, vinsamlegast fjarlægðu það úr listanum.**

Fjöldi pakkninga: 1 - Afgreitt magn 100 töflur í hverri afgreiðslu Afgreiðist: 1 sinni  
Eftirritunarskylt: Nei Skömmtun: Nei  
Notkun: 7 stk á viku  
Vandaliðun:  
Sent:  Á kennitölu  Í apótek

Abilify 5 mg töflur, 28 stk pr. pakkn. [3/3]

**ATH: Einstaklingurinn er hugsanlega með ofnæmi fyrir þessu lyfi.** Samþykka

Fjöldi pakkninga: 1 - Afgreitt magn 28 töflur í hverri afgreiðslu Afgreiðist: 1 sinni


Skrá lyfseðil í lotu:

Koma:

✓ Samskipti (Síðustu 30 daga): 19.09.2016 Almenn læknishjálp, Símtal

Ný samskipti:

**ATH: Samþykka þarf aðvaranir áður en hægt er að senda.** Senda Hætta við

Læknir þarf að smella á „Samþykka“ hnappinn ef hann vill halda áfram með lyfjaendurnýjun á lyfi sem einstaklingur er hugsanlega með ofnæmi fyrir eða með ofnæmi fyrir. Hann getur ekki haldið áfram án þess að samþykka, þ.e. „Senda“ hnappurinn virkjast ekki fyrr. Læknir getur einnig fjarlægt lyf úr listanum með því að smella á „Fjarlægja hnappinn“ .

Vanti notkunarleiðbeiningar á lyf þá birtist tilkynning um það í glugganum og ekki er hægt að gera lyfjaendurnýjun án þess að notkunarleiðbeiningar séu útfylltar.

Ibufen 600 mg töflur, 30 stk pr. pakkn. [1/3]

**Skrá þarf notkunarleiðbeiningar**

Fjöldi pakkninga: 0,50 - Afgreitt magn 15 töflur í hverri afgreiðslu Afgreiðist: 1 sinni  
Eftirritunarskylt: Nei Skömmtun: Nei  
Notkun:  
Sent:  Á kennitölu  Í apótek



Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir